

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindadeild
Kennaraskor
Leikskólabraut
2009**

Lesum saman

Hvaða áhrif hefur lestur á börn?

**Guðríður Anna Sveinsdóttir
Lokaverkefni**

**Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindadeild
Kennaraskor
Leikskólabraut
2009**

Lesum saman

Hvaða áhrif hefur lestur á börn?

**Guðríður Anna Sveinsdóttir
Leiðsögukenari: Brynhildur Þórarinsdóttir
Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-prófs**

Yfirlýsingar

„Ég lýsi hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.“

Undirskrift höfundar

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaraskor hug- og félagsvísindadeildar.“

Undirskrift leiðsögukennara

Útdráttur

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed prófs á leikskólabraut Hug- og félagsvísindadeildar frá Háskólanum á Akureyri.

Í þessari ritgerð er reynt að svara því hvaða áhrif lestur hefur á börn og hvernig best er að standa að lestrinum. Einnig er sagt frá könnun sem höfundur gerði meðal foreldra fimm ára barna í tveim leikskólum þar sem spurt var meðal annars hvort þeir lesi fyrir börnin sín. Flestar ef ekki allar rannsóknir um lestur virðast koma inn á hversu mikilvægt það er að byrja að lesa fyrir börn þegar þau eru ung og helst áður en þau byrja að tala. Miklu skiptir að börn sjái fullorðna fólkið á heimilinu lesa svo þau sjái hversu eðlilegt og eftirsóknarvert það getur verið. Þegar verið er að lesa skiptir nálægðin við börnin miklu máli, þá eflist málþroski þeirra og áhugi þeirra á bókum eykst. Að lesa fyrir börnin róar þau og þau venjast við að hlusta og lesturinn veitir þeim öryggi, nálægð og hlýju. Mikilvægt er því að eiga góða stund með börnunum til dæmis áður en þau fara að sofa, hvort sem lesin er saga eða hún spunnin á staðnum. Nauðsynlegt er að sá sem les tali við barnið um bókina og spyrji það út úr henni, því þannig eykst orðaforði barnsins og það heldur því við efnið. Ekki er nóg að barnið hafi gaman að lestrinum heldur verður sá sem les líka að njóta hans. Ef enginn fæst til að lesa er í lagi að hlusta á sögu af geisladiski þó svo að það komi aldrei í staðin fyrir lestur foreldranna. Hægt er að gera sögur skemmtilegri til dæmis með því að leyfa börnunum að teikna þegar búíð er að hlusta á söguna, nota handbrúður meðan sagan er sögð eða fara í búninga og leika söguna. Í leikskólum skiptir miklu máli að hafa bækurnar í augnhæð barnanna og ekki er verra að hafa þægilegan leskrók þar sem hægt er að skoða bækur í ró og næði.

Summary

This following thesis is a final assignment for B.Ed degree from the University of Akureyri. Faculty of humanity and social science (pre-school education department). In this essay, an attempt is made to shed some light on the effects of reading for children and what approach to the reading may be the most appropriate. Also we can read about an survey among parents of five year old children in two kindergartens, one of the questions was if they ever read for their children. Most of researches about reading for children tell how significant it is to begin to read for infants even before they begin to talk. It can make a difference if children see the grown up read a book at home so they can see how normal and exciting it is. When you are reading for children the closeness is of great importance, their language development increases and also their interest in books. Reading for children can keep them calm and they get used to listen, the reading provides them safety, presence and warmth. It is very important to have good moments with the children before they go to sleep, whether you are reading from a book, or you are telling a story. It is necessary that the reader talks to the child about the book and asks questions from the reading, so the childrens vocabulary may increase and keep up with the subject. It is important that both storyteller and the child like the story. If you can not get somebody else to read, it is ok to listen to a story from a CD but it will never be substituted for the reading from a parent. You can make the story more enjoyable if you let the children draw pictures from the story once it is finished, you can also use a puppet while you are reading or you can let them wear some costumes and act a play-let. In preschool it is imperative that the books are in the children sight and it would be good if they had a comfortable quiet reading corner where they could look over the book in some privacy.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Að lesa fyrir börn	3
2.1. Börn og bækur	4
2.2. Rannsóknir á lestri	6
3. Lestur í leikskólum	11
3.1. Lestrarstundir	13
3.2. Bókasafn í leikskólum	15
3.3. Hvernig er hægt að gera sögur skemmtilegar?	16
4. Heimili og lestur	20
4.1. Af hverju að lesa?	20
4.2. Hvernig lesum við fyrir börnin okkar?	22
5. Könnun á lestri foreldra fyrir börn	26
5.1. Niðurstöður könnunarinnar	26
5.2. Umræða um könnunina	34
6. Lokaorð	37
Heimildaskrá	39
Fylgiskjal 1 - Kynningarbréf fyrir foreldra.....	42
Fylgiskjal 2 - Spurningalisti fyrir foreldra	43

1. Inngangur

Lestur fyrir börn skiptir miklu máli og þarf að byrja að lesa fyrir þau þegar þau eru mjög ung. Barnabókmenntir eru nauðsynleg auðlind fyrir börn, þær auðga ímyndunarafl barnanna og örva forvitni þeirra, auk þess sem þær efla frásagnahæfileika þeirra og færni í að semja sögur. Mikilvægt er fyrir foreldra að eiga ánægjulega lestrarstund með börnum áður en þau fara að sofa og að gefa sér tíma til að ræða við þau um söguna. Hægt er að lesa á fleiri tímum en fyrir svefninn og ef þau eru til dæmis óróleg er hægt að róa þau niður með rólegri lestrarstund.

En skyldu foreldrar gefa sér tíma til að sinna þessum mikilvæga þætti í uppeldinu? Þegar höfundur var á námskeiði í barnabókmenntum árið 2006 fór hann að velta fyrir sér hvort foreldrar læsu jafn mikið fyrir börnin sín og þeir gerðu áður fyrr. Yfirleitt eru báðir foreldrar útivinnandi og hann velti því þess vegna fyrir sér hvort þeir gæfu sér tíma til að lesa fyrir börnin. Höfundur ákvað því í lokaritgerð sinni að leitast við að svara því hvaða áhrif lestur hefur á ung börn og að gera könnun meðal foreldra fimm ára barna í tveimur leikskólum til að kanna hvort þeir lesi fyrir börnin sín og hvenær þeir byrjuðu á því.

Ritgerðin inniheldur sjö kafla með inngangi og lokaorðum. Í kafla tvö er komið inn á hvað lestur gerir fyrir börn og hvernig velja á bækur fyrir þau. Einnig er fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið á lestri foreldra fyrir börnin sín sem og hvernig unglingar standa sig í lestri í dag. Í þriðja kafla er rætt um hvernig megi haga lestrarstundum í leikskólum og hvernig gott sé að hafa bækurnar á deildum leikskólans sem og bókasafni þess. Fjórði kafli er um lestur barna og foreldra og komið er inn á lestur fyrir yngstu börnin. Auk þess er fjallað um af hverju og hvenær foreldrar eiga að lesa heima og sagt frá hvernig hægt er að gera sögur skemmtilegar, bæði með lestri, leikrænni tjáningu, myndlist og fleira. Í fimmta kafla er sagt frá könnuninni sem gerð var meðal foreldra og niðurstöður hennar tengdar við fræðilega hluta ritgerðarinnar.

2. Að lesa fyrir börn

Mikilvægt er að byrjað sé snemma að lesa fyrir börn því þannig eflist málþroski þeirra og einnig áhugi þeirra á bókum.¹ Að lesa fyrir börnin róar þau og þau venjast við að hlusta sem og veitir lesturinn öryggi, nálægð og hlýju. Við þetta örvast ímyndunarafl barnanna, þau læra að orða hugsanir sínar og máltilfinning þeirra styrkist. Skilningur þeirra á fjölbreytileika lífsins eykst sem og tilfinning fyrir byggingu frásagna og þekking barnanna á ritmáli. Að lokum er lestur fræðandi fyrir börn, auðveldar nám þeirra, eykur þekkingu og vekur forvitni.² Ef vel tekst til verður þetta veganesti að velgengni þeirra í námi og starfi. Með því að lesa fyrir barnið erum við að leggja grunn að góðri málnotkun sem ætti þar af leiðandi að vera barninu auðveldari síðar meir.³

Best er að byrja að lesa fyrir börn áður en þau byrja að tala, því fyrr því betra. Við það venst barnið að hlusta þótt skilningurinn sé ekki góður, en mikilvægasti þátturinn í máltökunni er hlustun. Að sögn Hrafnhildar Ragnarsdóttur geta allir lesið sögur fyrir börn og þurfa foreldrar ekki að vera í sérstakri þjálfun til að gera það. Þegar verið er að lesa skiptir nálægðin miklu máli þar sem hún veitir ró og öryggi í dagsins önn. Þar sem lestur auðveldar börnum allt nám er óhætt að fullyrða að þeim tíma sé vel varið og ef til vill betur en margt annað sem gert er.⁴

Margt er hægt að gera til að örva lestraráhuga hjá börnum, til dæmis með því að segja þeim sögur og lesa fyrir þau því ef það er gert kynnast þau heimi bókarinnar. Mikilvægt er að eiga góða stund með börnunum áður en þau fara að sofa, hvort sem lesið er eða saga búin til á staðnum því sú samvera lifir lengi. Ef fullorðnir lesa mikið skynja börnin á heimilinu að það er eitthvað spennandi við bækur. Í fyrstu reyna börnin að taka bókina af þeim fullorðnu og snúa henni á alla vegu og bíta jafnvel í hana en það er ekki fyrr en þau eru farin að reyna við táknið í bókunum sem þau skilja leyndardóm bókanna.⁵

Því miður er mikið um það að fólk hætti að lesa fyrir börnin þegar þau byrja í skóla. Kannski finnst hinum fullorðnu að nú eigi börnin að læra þetta sjálf, en börnum finnst gaman að láta lesa fyrir sig þó svo að þau séu farin að geta það sjálf. Þegar þau eru að byrja í skóla er málþroskinn enn að aukast og á meðan þau eru að læra stafina og lestrartæknina, þurfa þau að fá samskonar stuðning frá þeim fullorðnu og þau gerðu á meðan þau voru að læra að tala.⁶ Því eiga

¹ Erna Árnadóttir 2000: 66

² Laila Pétursdóttir 2006: 22

³ Erna Árnadóttir 2000: 66

⁴ Erna Árnadóttir 2000: 66

⁵ Pétur Gunnarsson 2000: 148

⁶ Ásthildir Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir 2000: 42

foreldrnir að halda áfram að lesa fyrir börnin, svo lengi sem þau vilja hlusta.⁷ Enda lesa börnin einungis einfaldan texta í byrjun sem samræmist ekki áhugasviði þeirra né andlegum þroska. Með því að halda áfram að lesa fyrir börnin erum við að búa þau undir að fást við flóknari texta síðar á lífsleiðinni.⁸

2.1. Börn og bækur

Það skiptir máli að valdar séu bækur fyrir börn sem hæfa þroska þeirra. Við það gæti áhugi þeirra vaknað og þau gert sér grein fyrir leyndardómum bókarinnar og uppgötvað hvernig bókstafir virka. Þetta er til dæmis hægt að sjá þegar börn eru að þykjast lesa úr bókum sem þau hafa heyrt áður.⁹ Góð bók þarf að auka umburðarlyndi þeirra og víðsýni svo hægt sé að leita til hennar aftur og aftur því skrifuð orð standa en þau sem sögð eru gleymast eða dofna með tímanum.¹⁰ Á síðustu árum hefur góðum bókum fyrir ung börn fjölgað á Íslandi eins og sjá má í árlegum bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda¹¹ en fyrir nokkrum árum voru þær nokkuð fábreytilegar.

Bækur fyrir yngstu börnin hafa yfirleitt þann tilgang að kenna þeim að þekkja og túlka eigin tilfinningar og síðar skýra þær frekar það sem snýr að öðrum. Eftir því sem börnin þroskast meira og verða færari um að setja sig í spor annarra er við hæfi að hafa söguþráðinn flóknari. Slíkar sögur geta oft komið á breyttri hegðun eða viðhorfi barnanna. Þegar börn eru að ná tókum á rökrænni hugsun eru þau yfirleitt hrifin af ævintýrum þar sem eitt leiðir af öðru uns lokamarki er náð sem og ólíkum sögum um sama efni. Á leikskólaaldrinum eru börnin farin að uppgötva betur muninn á ímyndun og raunveruleika.¹²

Mikilvægt er að börn kynnist skemmtilegu og margbreytilegu úrvali bóka frá unga aldri. Það þurfa að vera vandaðar bækur innan hvers flokks, frá fantasíum til fræðibóka. „Heimur bókanna er fjölbreyttur og í honum má ferðast óhindrað um lönd og álfur og þar getur allt gerst.“¹³ Börn hafa gaman af að skoða bækur um þá veröld sem þau þekkja, þar sem koma fyrir börn sem líkjast þeim sjálfum, fást við það sama og þau og búa við líkar aðstæður. Einnig hafa

⁷ Erna Árnadóttir 2000: 66

⁸ Bjartey Sigurðardóttir 2001: 20

⁹ Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir 2000: 42

¹⁰ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 166

¹¹ Bókatíðindi

¹² Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 168-169

¹³ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 19

þau gaman að skoða bækur um ólíka heima þar sem þau sjá að önnur börn eru ólík þeim og búa ekki við sömu aðstæður.¹⁴

Með því að skoða fjölbreyttar bækur fá börnin ólíka sýn á veröldina og ímyndunaraflið fer á flug. Við það geta börnin fengið finnar hugmyndir sem þau nota í leik og til að kanna ýmislegt á þeirra eigin forsendum. Efnið í sögunni verður oft til þess að börnin fara að fást við tölur, samanburð, flokkun, útdrátt, skipulag og mat á margvíslegum viðfangsefnum. Með því að halda uppi samræðum og vangaveltum um efni og persónur barnabóka þroskast málskilningur barnanna og þau fá hæfileika til að hugsa og eiga málefnaleg samskipti.¹⁵ Segja má að bækur auki skilning, litir fá birtu og litið er jafnvel öðrum augum á hluti sem höfðu áður óþekkta merkingu, þeir eru jafnvel orðnir fallegir. Bækur veita börnum betri skilning á erfiðum tilfinningum og flóknum atvikum. Oft er hentugt að nota ljóð, vísur og kvæði í þessum tilgangi því orðalag getur verið skýrt og nákvæmt.¹⁶

Barnagælur og vísur eru einmitt það fyrsta sem börn komast yfirleitt í kynni við af bókmenntum og er það alþekkt, hvað vísa eða barnagæla með sterkri hrynjandi gerir þau ánægð. Börn geta ómeðvitað farið að hlusta með eftirtekt eftir sérstöku orði eða farið að lesa milli lína. Kolbrún Sigurðardóttir heldur því fram að börn sem eru á skyn/hreyfistigi [börn innan við eins árs] sýni bestu viðbrögðin við þessu vegna þess að því þroskaðri sem þau verða, verða þau færari til að skilja hvað býr að baki orðunum sem og að tengja saman tákni og mál. Hún heldur því einnig fram að þegar börn eru á foraðgerðastiginu [tveggja til sex ára börn] og eru hlutlæg í hugsun séu það sögurnar sem endurtaka sig sem börnin eru ánægðust með sama hversu oft sem þær eru lesnar. En barnið bætir við þekkingu sína því oftast sem það heyrir sögurnar, orð fá smám saman merkingu í stað hljóms sem og tekur það eftir nýjum og nýjum atvikum.¹⁷

Barnavísur og gælur eru mikilvægur menningararfur sem ekki má glata því þær henta vel sem fyrstu kynni barnsins af ljóðum. Einnig er þetta efni sem af ýmsum ástæðum er auðvelt að læra vegna til dæmis ríms, efnistaka, hrynjandi og ljóðstafa en hrynjandina er auðvelt að læra því hún tengist takti í tónlist. Best er fyrir börn að læra ljóð með því að hvetja þau til að yrkja sjálf

¹⁴ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 19

¹⁵ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 22

¹⁶ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 161

¹⁷ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 167

enda ættu þau með því að geta fengið betri skilning í orðin. Spurning er hvort fleiri læsu ljóð á fullorðnisárum ef þeir hefðu fengið jákvæða reynslu af því á unga aldri.¹⁸

Ekki er einungis verið að hafa ofan af fyrir börnum þegar verið er að lesa fyrir þau, heldur læra þau einnig margt um lestur, bækur og prentað mál. Þau uppgötva að í bókum er upphaf og endir sem og að í hverri bók er söguþráður með myndum sem gefa til kynna hvar tiltekinn hluti sögunnar er. Þegar börn hafa heyrt sumar bækur svo oft að þau kunna þær utanað reyna þau að tengja það sem þau kunna við prentuðu orðin í bókinni. Þannig fá þau tækifæri til að tengja talað mál og ritað við sögu í bók og að stafir hafa merkingu í bókum.¹⁹ Börn læra mikið af endurtekningum. Að lesa fyrir þau sömu bókina þar til þau kunna hana utanað er liður í þroska barnsins, þrátt fyrir það er það lítill þáttur í að læra að lesa. Þau byrja smátt og smátt að veita letrinu athygli í staðin fyrir að horfa bara á myndirnar og fara að átta sig á hvar orð byrjar og endar. Með tímanum geta þau lesið með hjálp fingrabendinga og parað saman stafi með hljóðum. Þegar börn eru farin að skilja textann betur, eiga þau til að spyrja flóknari spurninga. Slíkar spurningar leiða til dýpri skilnings á textanum og auka lesskilning.²⁰

Mikilvægt er að lesa sögur og ljóð fyrir börn því það skipar stóran þátt í lestrarnámi þeirra síðar meir. Þau börn sem eiga í erfiðleikum með lestrarnámið hafa líklega meiri þörf fyrir að lesið sé fyrir þau en önnur,²¹ þó að auðvitað eigi að lesa fyrir öll börn.

2.2. Rannsóknir á lestri

Allar rannsóknir á lestri virðast sýna að nauðsynlegt sé að lesa fyrir börn frá unga aldri því það geti skipt máli fyrir málþroska þeirra og námsárangur síðar meir. Því meira sem lesið er fyrir börnin því betra.²²

Ágústa Pálsdóttir bendir á rannsóknir sem sýna að börn foreldra sem eru með meiri menntun séu líklegri til að sýna lestri áhuga en börn foreldra sem hafa ekki mikla menntun. Samt sem áður hefur verið bent á að félagsleg staða foreldra er ekki það eina sem skiptir máli heldur séu það lestrarvenjur foreldranna. Að þeir lesi fyrir börnin sín og að þeir ræði um innihald bókarinnar við börnin. Einnig skiptir máli að góður aðgangur að bókum sé á heimilum þeirra sem

¹⁸ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 167-168

¹⁹ Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1987: 60

²⁰ Jalongo, Mary Renck 2008: 105

²¹ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 161-162

²² Ragnheiður Briem 1996: 8

og að farið sé á bókasöfn að fá lánaðar bækur.²³ Durkin gerði samanburðarrannsókn á börnum sem urðu læs snemma og á þeim sem urðu það ekki. Niðurstaðan var sú að það færi mikið eftir foreldrunum hversu fljótt börnin byrjuðu að lesa. Það skipti máli hvernig hegðun þeirra væri og nærvera, að foreldrar gæfu sér tíma til að lesa með börnunum, að spurningum barnanna og beiðni um hjálp væri svarað og að þau fengju þá sýn að lestur skipti máli til afþreyingar, upplýsingaöflunar og ánægju.²⁴

Íslenskar rannsóknir á lestrarvenjum barna sýna að tómstundalestur barna og unglinga hefur minnkað töluvert á undanförunum áratugum.²⁵ Stelpur virðast lesa meira en strákar og í sumum tilfellum lesa strákar jafnvel ekkert. Því er vert að spá í hvort minna efni sé gefið út fyrir stráka en stelpur eða hvort ekki sé eins mikið um að bókum sé haldið að strákum eða fjörmiklum börnum.²⁶ Það hefur þó ekki verið rannsakað sérstaklega.

Ísland tók þátt í norrænni rannsókn á tíunda áratugnum²⁷ þar sem kannaðir voru nokkrir sálfræðilegir og félagslegir þættir sem tengdust lestrar- og fjölmiðlavenjum innan fjölskyldunnar.²⁸ Í þessari rannsókn kom fram að það væri mikilvægt að börnin sæju fullorðna fólkið lesa svo að þau upplifðu lestur sem eðlilegan og skemmtilegan hlut. Þau börn sem fannst gaman að lesa áttu foreldra sem lásu hvort sem var að degi til eða kvöldi. Frá því að börnin voru á unga aldri gátu þau séð að lestur var eitt af því sem foreldrar höfðu áhuga á en þeir foreldrar sem höfðu ekki mikinn áhuga á lestri lásu yfirleitt upp í rúmi á kvöldin þegar börnin voru farin að sofa og voru þeir því ekki fyrirmynd barnanna að því að lesa í tómstundum sínum.²⁹

Foreldrar þeirra barna sem höfðu áhuga á lestri vildu meina að með því að lesa fyrir börnin væru þeir að sýna þeim ástúð og hlýju. Auk þess notuðu þeir oft tækifæri til að lesa ef börnin voru leið eða gátu ekki fundið sér neitt að gera. Þessir foreldrar lásu ekki endilega bara á kvöldin þegar börnin voru að fara að sofa heldur reyndu þeir líka að finna tíma hvort sem var á morgnanna eða á daginn. Ekki var einungis lesið fyrir þau til að uppfylla uppeldisskilyrði heldur fannst þeim þessi þáttur vera mjög ánægjulegur.³⁰

²³ Ágústa Pálsdóttir 1998: 8

²⁴ Sjá Hrafnhildur Ragnarsdóttir 1987: 55

²⁵ Þorbjörn Broddason 2005: 52

²⁶ Laila Pétursdóttir 2006: 22

²⁷ Ágústa Pálsdóttir 1998: 9

²⁸ Ágústa Pálsdóttir 1998: 7

²⁹ Ágústa Pálsdóttir 1998: 13-14

³⁰ Ágústa Pálsdóttir 1998: 15

Lestur var hluti af daglegu heimilislífi hjá fjölskyldum þeirra sem höfðu gaman af því að lesa. Einnig tengdust mikil félagsleg samskipti við lesturinn og algengt að mikið væri rætt saman um það sem fullorðnir voru að lesa. Ekki höfðu fjölskyldumeðlimir einungis lestur sem sameiginlegt áhugamál, heldur höfðu bæði börn og foreldrar oft gaman af því að lesa sömu bækurnar. Foreldrarnir bentu einnig börnunum oft á bækur sem þeir töldu að þau gætu haft áhuga á. Foreldrarnir lögðu ekki einungis áherslu á mikilvægi þess að hafa ánægju af lestrinum heldur reyndu þeir ekki síður að kenna börnunum að hægt væri að hafa gagn og gaman af bókum. Sem dæmi um það sagði eitt foreldrið að ef börnin væru að spyrja um eitthvað kíkta það gjarnan í alfræðiritin til að börnin vissu að vitneskjan byggi í bókunum.³¹

Fjölskyldur barna sem lásu ekki mikið ræddu lítið saman um bækur og lestur. Einnig var ekki mikið um að foreldrarnir bentu börnunum á bækur sem þeir héldu að gætu vakið áhuga þeirra en ef þeir gerðu það var það vegna þess að þeim fannst börnin ekki lesa nægilega mikið í tómstundum sínum og reyndu að ýta undir lestur þeirra. Þeim fannst það ekki ganga vel og ekki skila miklum árangri.³²

Í norrænu rannsókninni var skoðað hvaða uppeldisaðferðir foreldrarnir notuðu og hvort þær styddust við kenningar Diönu Baumrind, en hún rannsakaði hvaða áhrif mismunandi uppeldisaðferðir foreldra hefðu á persónumótun barna þeirra. Baumrind flokkaði uppeldisaðferðirnar í þrennt, í eftirlátssamar, skipandi og leiðandi aðferðir.³³

Leiðandi foreldrar eru líklegir til að leggja áherslu á að börnin verði sjálfstæð og reyna að leiðbeina þeim eftir bestu getu á skynsamlegan og málefnalegan hátt. Miklar kröfur eru gerðar til barnanna en þau fá einnig góða leiðsögn og stuðning og það sem börnin gera er metið á jákvæðan hátt. Þessir foreldrar eru ákveðnir en eru samt sem áður næmir á þarfir barna sinna og hafa ekki fastar né ófrávíkjanlegar reglur. Börn þessara foreldra munu líklega hafa sterka sjálfsmynd, vera iðin og munu standa sig vel í því sem þau gera. Einnig verða þau sjálfstæð og hafa góða aðlögunarhæfni.³⁴

Eftirlátir foreldrar gera ekki miklar kröfur til barna sinna og þeim finnst að þeir eigi ekki að hafa áhrif á hvernig þau hegða sér né vilja þeir móta börnin. Foreldrarnir eru líklegir til að sýna börnunum hlýju en þau fá að stjórna gerðum sínum að mestu. Börnin fá nánast að hegða sér

³¹ Ágústa Pálsdóttir 1998: 15-16

³² Ágústa Pálsdóttir 1998: 16

³³ Ágústa Pálsdóttir 1998: 11

³⁴ Ágústa Pálsdóttir 1998: 11-12

eins og þau vilja og eru reglurnar ekki margar en sveigjanlegar. Þær eru gerðar í samráði við börnin og útskýrðar fyrir þeim. Valdi er ekki beitt af foreldrum en þeir reyna frekar að skamma börnin til að fá þau til að fara eftir settum reglum.³⁵

Skipandi foreldrar vilja stjórna gerðum barna sinna og eru með ákveðnar kröfur um hvernig eigi að hegða sér. Börnin fá ekki að vera mjög sjálfstæð og þeim er kennt að bera virðingu fyrir hefðum, vinnusemi og yfirvöldum. Þeir leggja mikla áherslu á að börnin hlýði sér og refsa börnunum til að halda aftur af þeim ef framkoma þeirra hefur ekki verið í samræmi við rétta hegðun. Börnin fá ekki hvatningu til að segja sínar skoðanir heldur eru það foreldrarnir sem hafa rétt fyrir sér. Möguleiki er á að börn þessara foreldra sem og eftirlátssamra verði ekki með eins góða sjálfsmynd og börn leiðandi foreldra. Einnig er líklegt að þau verða ósjálfstæð og muni ekki hafa mikla trú á eigin getu.³⁶

Það sem var sameiginlegt hjá leiðandi foreldrum var að þeir byrjuðu snemma að sýna börnunum lestraráhuga og fannst mikilvægt að lesið væri fyrir börnin á meðan þau væru ung. Þessir foreldrar sáu yfirleitt til þess að börnin hefðu nóg af bókum að velja úr og reyndu að benda þeim á þær bækur og það lesefni sem vakið gæti áhuga þeirra. Þó svo að foreldrarnir reyndu að hafa áhrif á hvað börnin voru að lesa, sýndu þeir samt sem áður vali þeirra á lesefni virðingu og máttu börnin yfirleitt lesa það sem þau vildu. Þeir sýndu börnunum áhuga þegar þau voru að lesa og glöddust með þeim yfir lestrinum.³⁷

Skipandi foreldrar lögðu mikla áherslu á að „stýra krökkunum“. Almennt sýndu börnin ekki mikinn áhuga á að lesa þó svo að foreldrarnir reyndu að hvetja þau til þess. Börnin áttu yfirleitt að lesa þegar þau fóru að sofa og „stýrðu“ foreldrarnir því hvað þau læsu og hvað ekki. Foreldrarnir ræddu yfirleitt ekki um það sem börnin voru að lesa hverju sinni og virtist því lestur ekki vera áhugamál þeirra beggja.³⁸

Eftirlátssömum foreldrum fannst „allt í lagi að leiðbeina“ börnum sínum ef þau komu til þeirra að fyrra bragði en vildu samt helst að börnin myndu sjálf hvar áhugi þeirra lægi. Börnin fengu því sjálf að ráða því hvort þau notuðu tómsundur sínar til að lesa eða ekki. Þessir foreldrar fylgdust yfirleitt ekki með hvað börnin lásu né reyndu að koma í veg fyrir að þau læsu einhverjar ákveðnar tegundir af bókum. Þar að auki fannst þeim ekki til neins að banna þeim ákveðnar

³⁵ Ágústa Pálsdóttir 1998: 12

³⁶ Ágústa Pálsdóttir 1998: 12

³⁷ Ágústa Pálsdóttir 1998: 17-18

³⁸ Ágústa Pálsdóttir 1998: 18-19

bækur þar sem þau færu bara á bak við sig og því væri gagnslaust að hafa einhverjar reglur um það. Algengt var að þau börn sem höfðu lítinn áhuga á lestri ættu eftirlátssama foreldra.³⁹

³⁹ Ágústa Pálsdóttir 1998: 19

3. Lestur í leikskólum

Í leikskólastarfi er nauðsynlegt að hafa barnabækur, hvort sem er til málörvunar eða til að miðla fróðleik og reynslu. Lesa þarf bækur sem hæfa aldri og þroska barnanna sem og segja þeim sögur frá eigin brjósti.⁴⁰ Hvort sem góðar sögur, ævintýri, þulur eða kvæði eru lesin eða skáldað munnlega gegnir það mikilvægu hlutverki í öllu leikskólastarfi.⁴¹

Þegar verið er að lesa fyrir yngstu börnin í leikskólanum skiptir höfuðmáli að lesa vandaðar og fallegar myndskreyttar bækur.⁴² Börnin þjálfast í að hlusta þegar verið er að lesa fyrir þau og því þarf að gæta þess að þau fái tækifæri til að tala um atburði og persónur sögunnar.⁴³ Oft getur verið erfitt fyrir lítil börn að sitja kyrr þegar verið er að lesa og vilja þau stundum vera í fanginu á kennaranum, jafnvel toga í bókina, fletta henni, benda á hana og spyrja spurninga úr henni. Með þessu eru þau að sýna áhuga sem ekki má vanvirða og því er nauðsynlegt að bregðast vel við honum.⁴⁴ Skemmtilegt er að miðla bókmenntum til barnanna, enda kemur ekkert í staðinn fyrir að sitja með barn í fanginu og segja því sögu eða lesa góða bók.⁴⁵

Í leikskólastarfi eru bækur mikilvægur þáttur og því skiptir miklu máli að þær séu aðgengilegar fyrir börnin og að þau hafi notalega og aðlaðandi aðstöðu til að geta sest niður sem og að þau geti náð sér sjálf í bók og skoðað myndirnar í næði. Einnig gætu börnin þar teiknað myndir sem þau sjá í bókinni, hermt eftir stöfunum úr bókinni eða jafnvel gert sína eigin bók.⁴⁶

Nauðsynlegt er að bækurnar séu inni á deildum leikskólans og þurfa þær að vera í augnhæð barnanna. Best er ef kápan getur snúið fram, að minnsta kosti á einhverjum þeirra því ef kápan sést er meira freistandi að grípa í bók. Hægt er að hafa bækur á nokkrum stöðum innan leikskólans sem tengjast starfsemiinni sem þar fer fram, til dæmis væri hægt að hafa bækur um hreyfingu í salnum og svo framvegis. Einnig þurfa bækur að vera aðgengilegar fyrir börn til að nota í leikjum sínum.⁴⁷

Þemastarf er í flestum leikskólum og er yfirleitt hægt að nýta sér barnabækur í því hvort sem er til fróðleiks eða skemmtunar. Það skiptir ekki máli hvað verið er að fjalla um því það ætti

⁴⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999: 20-21

⁴¹ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir* 1993: 56

⁴² *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir* 1993: 56

⁴³ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999: 20-21

⁴⁴ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 30

⁴⁵ Margrét G. Schram 2000: 79

⁴⁶ Anna Elísa Hreiðarsdóttir 2008

⁴⁷ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 26-27

að vera sjálfsagður hlutur að nýta sér bækur til að leita sér þekkingar ekki síður en til skemmtunar og því þurfa börn að venjast. Ekki er einungis átt við fræðibækur í þessu samhengi, heldur að nýta sér bækur sem eru um það viðfangsefni sem fjallað er um í hvert skipti og gæti það verið þjóðsaga, vísa eða bara góð saga. Þess vegna er mikilvægt að hafa fjölbreyttar bækur innan leikskólans.⁴⁸

Gera verður ráð fyrir að bækur gangi úr sér eins og annað dót og verður að gæta þess að hafa þær ekki til spari sem börnin mega ekki nota nema endrum og sinnum. Það þarf að kenna börnum hvernig á að umgangast bækur og sýna þeim hvernig á að fletta þeim og ganga frá þeim aftur. Hægt er að gera það með því að persónugera bækurnar og fá þau til að hugsa um þær eins og vini sína. Bækurnar geta til dæmis fengið plástur ef þær meiða sig, einnig þyrfti að finna heimili fyrir þær og þegar verið er að gera við bækurnar að leyfa börnunum að hjálpa til við það. Ekki hefur verið talinn góður siður að krota eða skrifa í bækur en þegar börn gera það getur verið að þau séu farin að uppgötva að í bókum eru textar og myndir sem segja sögu og telst það vera viss áfangi í þróun læsis.⁴⁹ Þrátt fyrir það verður að kenna börnum að bera virðingu fyrir bókum og gæta þess að þau viti að ekki megi krota í þær.

Fara ætti reglulega með leikskólabörn í heimsókn á bókasöfn til að leyfa þeim að kynnst veröld bóka og til að sjá hvernig hægt er að fá bækur að láni sem og að þau læri að skila bókunum aftur.⁵⁰ Það er bæði gaman og menntandi fyrir þau þar sem þau geta valið sér bækur til að fara með í leikskólann. Þegar bókasöfn eru með sérstakar lestrarstundir hjá sér ættu leikskólar ekki láta það fram hjá sér fara. Hverfis- og bæjarbókasöfn eru væntanlega með fleiri og fjölbreyttari bækur en bókasöfn leikskólanna og gæti verið gott að nýta sér það sem og sérþekkingu bókasafnsfræðinga.⁵¹

Ef börn vilja koma með bækur í leikskólann heiman frá sér er um að gera að leyfa þeim það og eins gætu þau fengið bækur að láni heim til sín úr leikskólanum enda er hvort tveggja lestrarhvetjandi. Mikilvægt er að leikskólakennarar hvetji foreldra til að lesa fyrir börnin sín og ræði við þá um mikilvægi lesturs, hvort sem þeir senda foreldrunum bréf þess efnis eða ræða það sín á milli.⁵²

⁴⁸ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 27

⁴⁹ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 30-31

⁵⁰ *Aðalnámskrá leikskóla* 1999: 21

⁵¹ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 31

⁵² Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 31

3.1. Lestrarstundir

Nauðsynlegt er að undirbúa lestrarstundirnar svo að þær takist vel. Mikilvægt er að sá sem les þekki börnin og lesefnið vel og að hann finni lesefni sem hæfir þeim sem lesa á fyrir. Með því að vekja athygli á bókinni áður en byrjað er að lesa verða börnin oft eftirvæntingarfull og einbeita sér frekar að því að hlusta. Þetta er hægt að gera með því að segja þeim heiti bókarinnar og sýna þeim kápu hennar sem og að tala um höfundinn, segja hvar hann á heima og fleira.⁵³ Ekki þarf þó alltaf að segja börnunum hvað bókin heitir heldur er einnig stundum gaman að spyrja þau hvað þau haldi að bókin fjalli um og hvað þau haldi að bókin heiti og spyrja þau hvort einhverjir stafir séu í heiti bókarinnar sem þau þekkja. Einnig er mikilvægt að segja hvað höfundur mynda í bókinni heitir. Ef myndir af höfundunum eru til staðar getur verið sniðugt að sýna börnunum þær eða jafnvel reyna að fá höfundana í heimsókn í leikskólann.⁵⁴ Ef höfundurinn er erlendur er hægt að skoða á landakorti hvar hann á heima ef kortið er til í leikskólanum. Einnig að segja börnunum í stuttu máli um hvað bókin fjallar, til dæmis að hún er um prinsessu sem villist í skóginum.⁵⁵

Gott er fyrir kennara að hafa tvennt í huga þegar hann er að velja sögu eða ljóð til upplestrar. Það fyrsta er að kennari ætti alltaf að lesa það sem hann hefur áhuga á því ef hann hefur ekki ánægju af lestrarefninu, finna börnin það líka og hafa þá ekki gaman af lestrinum heldur. Númer tvö er að velja aðeins þyngra efni en aldur barnanna segir til um og að hafa sögu sem hæfir áhugasviði barnahópsins hverju sinni.⁵⁶

Þegar lesið er fyrir börnin er best að reyna að hafa ekki mörg börn í hóp og því yngri sem þau eru, þeim mun færri börn. Einnig ætti að vera hægt að koma því við að lesa fyrir einungis eitt barn í einu. Slíkar lestrarstundir ættu að gagnast þeim börnum sem lítið er lesið fyrir heima og/eða eiga erfitt með að einbeita sér í hópi því þannig þjálfast betur hlustun og einbeiting. Þau börn gætu þá síðar meir átt auðveldara með að hlusta í hóp. Þegar barn biður um að láta að lesa fyrir sig verður að grípa tækifærið og gera það ef þess er kostur. Markmið með lestrarstundum á að vera að gera þær sem ánægjulegastar og gagnlegastar og þá þarf skipulagið að vera þannig að það sé hægt.⁵⁷ Eflaust kannast margir kennarar við að hafa lesið í samverustund fyrir öll börnin á deildinni en yfirleitt gengur það ekki upp því þá þarf auka starfsmann til að reyna að hafa hemil á börnunum sem trufla á meðan lesið er. Enda er enginn ánægður eftir þær stundir, hvorki börn né

⁵³ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 30

⁵⁴ Margrét G. Schram 2000: 77

⁵⁵ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 30

⁵⁶ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 169

⁵⁷ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 29

kennarar og því getur verið betra að sleppa því að lesa á þessum tímum og finna eitthvað annað að gera í samverustundinni.⁵⁸

Lestrarstundir eiga að fara fram þar sem enginn umgangur er né truflun frá öðru starfi leikskólans. Best væri ef sérstakt herbergi væri fyrir lestur en þeir leikskólar sem bjóða ekki upp á það verða að gæta þess að engin truflun sé meðan lesið er. Til að lestrarstundirnar verði sem ánægjulegastar er best að allir í barnahópnum séu saddir og sælir, vel upplagðir og klósettferðir búnar. Einnig að börnin komi sér vel fyrir í góðum sófa eða á mjúkum púðum. Mikilvægt er að sá sem les sé í sömu hæð og börnin og þegar verið er að lesa myndabækur verður að leyfa börnunum að sjá myndirnar um leið og lesið er því annars ná þau ekki samspili mynda og texta. Kennarinn getur leyft börnunum að sitja til skiptis í fangi sínu á meðan hann les. Loks þarf hann að huga að því hvernig hann beitir röddinni sinni og að nota leikræn tilþrif þegar við á, en gera það samt í hófi.⁵⁹

Börn læra fljótt að þau þurfa að einbeita sér við hlustunina til að geta sagt öðrum frá því sem þeim finnst athyglisvert í sögunni. Hafa verður í huga að velja efni sem börnin hafa áhuga á. Þegar kennari er að lesa fyrir börnin getur hann kynnst þeim betur með því að fylgjast með viðbrögðum þeirra. Ef sögd er saga sem fjallar um efni sem börnin eiga erfitt með að skilja þarf kennarinn að vera vakandi yfir áhuga og viðbrögðum barnanna og koma með opnar spurningar og nýja sýn til að sem flestir sýni efninu áhuga. Mikilvægt er að barnið finni tilgang með lestrinum og að það geti fundið að reynslan dýpkar og skýrist. Að sögn Kolbrúnar Sigurðardóttur verður annars einungis um tæknilestur að ræða en hann hefur ekki áhrif á tilfinningalegan né vitrænan þroska.⁶⁰

Þó að mörg börn séu að hlusta á sömu söguna, heyrir hvert þeirra sína sögu. Það tengir söguna við reynslu sína og sér þau atriði sem skipta máli fyrir það. Athygli barnsins beinist að miklu leyti að áhugamáli þess eða nýlegri reynslu en það fer eftir því í hvernig skapi barnið er og tilfinningalegu ástandi hvernig það bregst við sögunni.⁶¹

Í flestum leikskólum er gott bókasafn með mynda- og fræðibókum. Nauðsynlegt er að allt starfsfólk leikskólans kynni sér bækurnar og noti þær bækur sem henta aðstæðum hverju sinni. Það skiptir máli að lesandinn velji bækur sem veita honum einhverja reynslu því þannig miðlar

⁵⁸ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 29

⁵⁹ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 29-30

⁶⁰ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 162-163

⁶¹ Kolbrún Sigurðardóttir 1987: 162

hann innihaldi bókarinnar betur til barnanna. Einnig að hann komi stundum með nýjar og óvæntar bækur sem eru jafnvel ekki til í leikskólanum, heldur eru fengnar annars staðar. Það kemur fyrir að börnin velji bækur sem þeim finnast skemmtilegar á þeirri stundu og verður að virða það.⁶²

Hægt er að lesa framhaldssögur með eldri leikskólabörnum og eru þær sögur oft lesnar þegar börnin fara í hvíld eftir hádegismatinn. Þá er gjarnan lesinn kafli úr sögunni og þegar búið er að lesa er rætt saman um efnið. Í næstu samverustund er hægt að rifja upp kaflann í sögunni og jafnvel talað um erfið orð og fleira. Hægt er að gera samverustundina notalega þar sem börnin geta ýmist setið eða legið á dýnum, með teppi og jafnvel stundum við kertaljós.⁶³

3.2. Bókasafn í leikskólum

Það skiptir miklu máli hvernig bókum er komið fyrir í leikskólanum, hvar bókasafnið er staðsett, hvort það sé aðgengilegt og hvernig umgengni við það er háttáð. Best er að bókasafnið sé vel sýnilegt svo að börnin sjái það á hverjum degi. Til að starfsfólk eigi auðvelt með að finna bækur þarf að vera með gott flokkunarkerfi sem þjónar starfsemi leikskólans vel. Til að útlána- og skilakerfi virki þarf það að vera einfalt og gott aðgengi að því.⁶⁴

Þegar nýir leikskólar eru opnaðir er nauðsynlegt að kaupa mikið af góðum bókum en langan tíma tekur að byggja upp vandað og fjölbreytt bókasafn. Hægt er að gera góð kaup með því að fara á bókamarkaði, fornbókasölur og bókaklúbba þar sem maður getur fengið fjölbreyttar sögur fyrir börn um allt milli himins og jarðar. Til er bæði íslenskt og þýtt efni, fræðibækur og kveðskapur sem og ævintýri og þjóðsögur. Þegar jólabókaflóðið stendur sem hæst væri hægt að kaupa nokkrar nýjar bækur í leikskólann. Sniðugt getur verið að skoða bókatíðindi sem koma út á þeim tíma til að finna bækur, hægt að lesa ritdóma og fara á bókakynningar. Einnig að fara í bókabúðir og skoða hvort bækurnar séu þess virði að kaupa og einnig væri hægt að fá álit hjá sérfróðum barnabókaunnendum um það besta sem kemur út á ári hverju. Ef gefa á leikskólanum gjöf er sniðug hugmynd að gefa honum bækur.⁶⁵

Nauðsynlegt er að hafa umsjónarmann með bókasafninu og að hann fái tíma til að sinna því starfi. Umsjónarmaðurinn sér um að kaupa inn bækur, skráir þær inn og flokkar, sér um að kynna nýjar bækur og að kynna nýju starfsfólki bókasafnið. Einnig sér hann um skipulag, tiltekt

⁶² Margrét G. Schram 2000: 77

⁶³ Anna Elísa Hreiðarsdóttir 2008

⁶⁴ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 26

⁶⁵ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 27

og viðgerðir bóka. Ef umsjónarmann vantar aðstoð á hann að geta fengið aðra til að hjálpa sér. Þegar keyptar eru nýjar bækur er gott að hafa fleiri með í ráðum því það skiptir miklu máli að einungis séu keyptar góðar og vandaðar bækur.⁶⁶

Úrval bóka í íslenskum leikskólum þarf að vera gott og þar þurfa að vera bækur eftir helstu barnabókahöfunda landsins sem skrifa fyrir börn á leikskólaaldri. Sem dæmi má nefna Þórarín Eldjárn, Guðrínu Helgadóttur, Sigrúnu Eldjárn, Iðunni Steinsdóttur, Björk Bjarkadóttur, Kristínu Steinsdóttur og Áslaugu Jónsdóttur. Ekki síst þurfa að vera til bækur á borð við *Vísnabókina*, *Skilaboðaskjóðuna* eftir Þorvald Þorsteinsson og barnaljóð Jóhannesar úr Kötlum og Stefáns Jónssonar. Einnig þurfa að vera vandaðar útgáfur af helstu þjóðsögum og ævintýrum sem og mikið og gott úrval þýddra barnabóka. Því miður er ekki mikið um íslenskar fræðibækur fyrir leikskólabörn og eru þær því flestar þýddar.⁶⁷

3.3. Hvernig er hægt að gera sögur skemmtilegar?

Hægt er að segja sögur á skemmtilegan hátt. Nauðsynlegt er að breyta til og gera ekki alltaf eins þegar lesið er. Margt er hægt að gera, eins og til dæmis að finna út hvaða sögum börnin eru hrifin af og búa til loðtöflusögur um þær og leyfa börnunum að hjálpa til við að myndskreyta sögurnar. Einnig að leyfa börnunum að koma upp og standa fyrir framan barnahópinn í leikskólanum og segja sögur og er þá verið að styrkja sjálfstraust þeirra í leiðinni.

Að búa til krók með töfraivafi getur verið skemmtilegt. Þá er efni breitt yfir hann, glimmeri stráð í kring og kveikt á kerti annað slagið. Einnig væri möguleiki að hafa ýmsa leikmuni hjá sér, eins og sprota, kórónur, lykil að króknum og annað sem passar við söguna hverju sinni. Ekki fyndist börnunum leiðinlegt að búa til töfrateppi. Það væri unnt að gera með því að nota gömul gluggatjöld og gætu börnin teiknað sögupersónur eða eitthvað sem þeim finnst vera ævintýralegt á blað og hengt það á tjöldin sem væru síðan notuð sem fortjald á krókinn. Hægt væri líka að búa til öðruvísi töfrateppi og þyrfti þá að byrja á því að klippa niður efni í nokkra búta og hvert barn fengi sinn búta til að teikna á, síðan væru allir búturnir saumaðir saman og fódraðir. Á þessu teppi gætu þau setið og látið ímyndunaraflið ráða hvert förin er heitið og hver upplifunin verður. Þeir fullorðnu verða að sýna börnunum að þeir séu færir um að fara á flug og láta sig dreyma um allt milli himins og jarðar. Nauðsynlegt er að breyta stundum út af

⁶⁶ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 26

⁶⁷ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 27

vananum og hafa jafnvel ævintýraviku, þjóðsagnaviku eða hvað annað sem manni dettur í hug í leikskólanum.⁶⁸

Barnabækur og lífsleikni er nokkuð sem unnt er að vinna mikið með því mögulegt er að finna barnabækur um margvíslega hluti sem gerast í raunveruleikanum. Viðkvæmir atburðir geta átt sér stað sem þarf að tala um í barnahópnum og er þá gott að styðjast við dæmi úr bók í staðinn fyrir að tala um það sem gerðist í alvörunni. Þetta gæti til dæmis verið um dauðsfall eða hjónaskilnað.⁶⁹ Þegar búið er að skoða bókina/bækurnar og ræða um þessa hluti væri hægt að búa til leikrit um atburðinn.

Það fer eftir áhuga og dugnaði þess sem les hvernig hann kemur barnabókmenntum frá sér.⁷⁰ Gott væri ef hann gæti fundið orð sem ríma, vakið athygli á myndum og á upphafi og endi bókarinnar sem og sagt söguna upp á nýtt út frá myndunum.⁷¹ Börnin geta jafnvel búið til ljóð um einhverja bók sem þau sýna til dæmis í söngstund eða á sýningu þar sem foreldrar þeirra geta komið og horft á.⁷² Margt fleira getur vakið áhuga barnanna, eins og að fara í búninga eða drusluföt þegar verið er að leika söguna og fær þá hver og einn sitt hlutverk við að leika aðalatriðin úr sögunni. Ekki ætti að vera erfitt að breyta aðstæðum eins og að færa til húsgögn ef þess þarf og nota þá leikmuni sem til eru og passa við söguna.⁷³ Þegar lesið er með látbragðsleik verður að gæta þess að ofgera ekki leikinn og láta ekki allar aukapersónur fá einkenni með látbragði því hætta er á að þær fái of stóran sess í sögunni.⁷⁴

Áður en farið er til dæmis í sveitaferðir væri möguleiki að skoða bækur sem tengjast sveitinni og skoða hvaða dýr eru þar og fleira. Þegar komið er í sveitina er hægt að halda uppi umræðum um það sem börnin sjá þar og það sem þau eru búin að skoða og lesa um í bókum. Ef eitthvað vekur áhuga þeirra í sveitinni sem þau sáu ekki í bókunum getur verið vert að athuga hvort hægt sé að finna bækur um það til að skoða betur og væri þá tilvalið að fara til dæmis á bæjarbókasafnið til þess.

Gaman er að búa til loðtöflusögur og nota þær í staðinn fyrir bækur því með þeim læra börnin um uppbyggingu ritmáls um leið og þau setja myndirnar á töfluna. Einnig er möguleiki að setja myndirnar á myndvarpa ef hann er til staðar og varpa þeim upp á vegg eða að búa til

⁶⁸ Margrét G. Schram 2000: 79

⁶⁹ Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir 2007: 24

⁷⁰ Margrét G. Schram 2000: 77

⁷¹ Anna Elísa Hreiðarsdóttir 2008

⁷² Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir 2007: 25

⁷³ Margrét G. Schram 2000: 77

⁷⁴ Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað 1988: 46

skuggaleikhús með myndvarpanum sem fjallar um sögu sem hefur verið lesin fyrir þau. Fimm til sex ára gömul börn ættu að geta búið til eins konar bíó með því að teikna myndir úr sögunni sem þau líma síðan saman á renning og rúlla upp á tvö prik. Gat er gert á skókassa og á meðan sagan er sögð er myndunum rennt í gegn. Einhver börn gætu séð um hljóðin sem eiga að vera í sögunni, hvort sem þau nota hljóðfæri, hluti eða sig sjálf til að gera það.⁷⁵

Hægt er að tengja sögur við umhverfið og er þá sniðugt að nota kubba til þess. Unnt er að byggja það sem auðkennir söguþráðinn og nota hvaða efni sem er fyrir persónur. Mögulegt er að vera með frásagnir um atburði Íslandssögunnar og gera skemmtilegt leiksvið með kubbum til dæmis um hvernig Ingólfur nam land. Auðvitað er hægt að nota eitthvað annað sem tengist sögunni, eins og pappírsmat, matrúskudúkkur eða hvað sem manni dettur í hug.⁷⁶

Góð hugmynd er að nota könnunaraðferðina á bókina þar sem búinn er til umræðuvefur um það sem börnunum dettur í hug um innihaldið. Unnt er að athuga viðhorf og skilning barnanna með því að spyrja þau opinna spurninga þegar búið er að lesa bókina. Það þýðir að sá sem les þarf að undirbúa sig vel áður því hann vísar börnunum á leið til betri skilnings á myndum og texta. Ef til dæmis er búinn til vefur í kringum söguna um Einar Áskel ætti ekki að vera erfitt að spyrja börnin og fá fram hugmyndir þeirra því þetta eru bækur sem flest öll börn þekkja. Ábendingar þeirra og tillögur sem og opnu spurningarnar frá þeim sem les um Einar Áskel og líf hans munu koma með efnið og vafalaust verður nóg til að vinna með. Skemmtilegt getur verið að búa til brúðu af Einari Áskeli sem verður á stærð við börnin og situr með þeim við matarborðið sem og tekur þátt í leik þeirra.⁷⁷

Þegar verið er að lesa framhaldssögu er hægt að vinna verkefni sem tengist sögunni og verður sá sem les að finna út hvað vekur áhuga barnanna og að taka út þá þætti sem er líklegt að skipti börnin máli. Mögulegt er að leira, smíða, sauma eða gera eitthvað annað sem tengist sögunni. Einnig að gera tónlist og náttúruhljóð við söguna eða tengja vettvangsferðir við hana sem og að gera ýmsar tilraunir tengdar sögunni, eins og að rækta blóm eða frysta vatn, allt það sem sagan býður upp á. Þegar búið er að lesa alla söguna geta börnin horft á hana á mynddiski eða myndbandi ef hún er til í því formi. Eftir myndina væri til dæmis hægt að ræða um hvað

⁷⁵ Margrét G. Schram 2000: 78

⁷⁶ Margrét G. Schram 2000: 78

⁷⁷ Margrét G. Schram 2000: 78

sögupersónurnar gerðu og hvernig þær litu út. Ef til vill sjá börnin söguna í nýju ljósi eftir að hafa horft á myndina líka og gæti það komið fram í myndsköpun þeirra og frjálsum leik.⁷⁸

Önnur aðferð getur verið að leyfa börnunum að búa sjálf til sögur sem þau geta gert með því að skrifa eitthvað á miða sem eru geymdir í kassa. Síðan dregur eitt barn í einu miða úr kassanum og býr til sögu um það sem stendur á miðanum. Sá fullorðni getur skrifað söguna niður sem barnið segir og getur þá verið komið gott handrit sem annað hvort barnið eða sá fullorðni geta gripið í.⁷⁹

Gaman er að leyfa börnum að teikna eftir að þau hafa hlustað á sögu. Myndina er síðan hægt að skreyta með verðlausu efni eins og sandi, skeljum, frauðplasti og þess háttar sem og nota alls konar liti með.⁸⁰ Þegar unnið er með sögu og myndmennt saman getur hvert barn fengið að velja sé eina sögu til að túlka eða einhvern afmarkaðan þátt úr sögu eða vísu eins og atburði, persónur eða umhverfi. Íðulega verða umræður um myndirnar sem getur orðið til þess að nýjar hugmyndir skapast.⁸¹

Sá sem les gæti notað handbrúður við að segja söguna og er mögulegt að leyfa börnunum að gera það sama. Hægt er að búa til einfaldar brúður sem nota má í byrjun eins og spýtubrúður, sokkabrúður og fingrabrúður. Þær henta vel fyrir feimin börn því yfirleitt finnst þeim ekki eins erfitt að endursegja sögur ef þau fá slík hjálpargögn. Vissulega er líka möguleiki að búa til eins konar dúkkulísur með því að klippa út persónur sem notaðar eru til að segja sögu.⁸²

Auðvitað er líka í lagi að lesa sögu á venjulegan hátt. Það þarf ekki alltaf að vera með látbragðsleik eða teikna eftir að búið er að lesa en gaman getur verið að gera það öðru hverju til að gera lesturinn fjölbreyttari. Það væri jafnvel hægt að ákveða einn eða tvo daga í viku þar sem lesturinn verður öðruvísi.

⁷⁸ Anna Elísa Hreiðarsdóttir 2008

⁷⁹ Elísabet Brekkan 1995: 52

⁸⁰ Margrét G. Schram 2000: 77

⁸¹ Sigríður Þórisdóttir 1996: 53

⁸² Margrét G. Schram 2000: 78

4. Heimili og lestur

4.1. Af hverju að lesa?

Líklegast þekkjja allir foreldrar spurningar á borð við „viltu lesa fyrir mig?“ En af hverju lesum við? Hvers vegna er svona nauðsynlegt að lesa fyrir börnin sín?⁸³ Margt bendir til þess að foreldrar geti hjálpað börnum sínum mikið, einungis með því að lesa sem mest fyrir þau eða fá einhverja aðra til þess.⁸⁴ Með því að lesa fyrir börn styrkist hlustun þeirra og einbeiting, því enginn hefur eins gaman af lestri og þeir sem hlusta og einbeita sér að honum.⁸⁵ Bókalestur er dásamleg, örugg og frekar ódýr leið til að byggja upp andann, fá útrás fyrir tilfinningar og drepa tímann.⁸⁶ Þegar börn hlusta á sögu eflist ímyndunarafli þeirra og þar með skilja þau betur margbreytileika lífsins. Það sem virðist vera ævintýri í huga þeirra, getur í raun og veru verið raunveruleiki og svo raunveruleiki verið ævintýri. Það er að segja, það sem foreldrum finnst vera saklaust ævintýri, finnst börnum vera fyllsta alvara, því þau fara í hlutverk hetjunnar og reyna að herma eftir og breyta henni.⁸⁷

Ef barn yrði spurt af hverju það vilji láta lesa fyrir sig, myndi það líklegast svara því til að það sé svo gaman að heyra skemmtilega sögu. En þetta snýst líka um meira, sem barnið gerir sér kannski ekki grein fyrir því athyglin beinist eingöngu að barninu meðan lesið er og er því lesarinn og barnið ein í heiminum og enginn má trufla þá stund.⁸⁸

Victoria Purcell-Gates gerði rannsóknir á lestri meðan hún stjórnaði lestrarmiðstöð Harvard háskóla. Þær sýna að ef ekki væri lesið fyrir börn þyrftu þau að minnsta kosti þúsund sérkennslustundir í skóla til að ná því sem þau hefðu lært ef lesið hefði verið fyrir þau einu sinni á dag heima. Miðað er við að byrjað sé að lesa fyrir börnin allt frá því þau eru nægilega gömul til að skoða myndir. Þrátt fyrir að börnin fengju góða sérkennslu væri aldrei hægt að bæta þeim þann tíma sem glatast hefur ef ekkert hefði verið lesið fyrir þau. Í einni rannsókninni valdi hún börn sem höfðu fengið mjög ólíka reynslu af lestri heima fyrir og skoðaði út frá því málþroska og námsárangur barnanna. Sum barnanna bjuggu á heimilum þar sem engar bækur voru til og vissu

⁸³ Erna Árnadóttir 1995: 48

⁸⁴ Ragnheiður Briem 1996: 8-9

⁸⁵ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 25

⁸⁶ Guðlaug Richter 2002: 33

⁸⁷ Erna Árnadóttir 1995: 50

⁸⁸ Erna Árnadóttir 1995: 48-49

varla hvernig bækurnar ættu að snúa þegar verið var að lesa þær. Einnig voru börn sem lesið hafði verið fyrir daglega frá mjög unga aldri, og allt þar á milli.⁸⁹

Börnin völdu sér brúðu eða bangsa sem þau áttu að þykjast lesa fyrir. Síðan fengu þau myndabók án texta og byrjuðu að „lesa“. Upptaka var gerð af upplestrinum sem hlustað var á seinna. Á einni upptökunni var fimm ára gömul stelpa og hafði verið lesið fyrir hana heima nær daglega frá unga aldri. Hún var að lesa í þykjustunni fyrir dúkkuna sína og þegar hlustað var á hana var eins og hún væri að lesa úr gamalli ævintýrabók þó svo að röddin hennar væri mjög smábarnaleg og talaði hún „eins og bók“ og sagði meðal annars „í fjarska“ í staðinn fyrir „langt í burtu“. Einnig sagði hún „handan við dyrnar“ í staðin fyrir „bak við hurðina“.⁹⁰ Aldrei varð hún þreytt á að heyra sínar eftirlætissögur og vildi láta lesa þær oft fyrir sig. Samkvæmt Ragnheiði Briem gefa aðrar rannsóknir til kynna að endurtekning sé góð kennsluáðferð á þessum aldri því með henni ná þau góðum tókum á málinu sem er mikilvægt að vera búinn að ná þegar þau byrja í grunnskóla.⁹¹

Smám saman læra börn að meta bækur en ef laða á börn að bókum og gera þau að bókaormum krefst það æfingar og endurtekningar og óhætt er að segja að þeim tíma sé ekki sóað til einskis hvort sem það fer fram á heimilum eða í leikskólum.⁹² Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í að ala upp bókaorma og ættu þeir að geta fengið stuðning frá leikskólakennurum við það.⁹³

Margir foreldrar virðast ekki hugsa mikið um hvort það sé hollt að lesa fyrir börnin heldur gera þeir það því þeim finnst það skemmtilegt. Íslenska lestrarfélagið hefur gefið út bækling sem heitir *Viltu lesa fyrir mig* sem er hugsaður til að hvetja foreldra að lesa fyrir börnin sín og er hann ekki síst ætlaður ungum foreldrum sem hafa ekki lagt vana sinn í að lesa mikið.⁹⁴ Þar kemur meðal annars fram hvers vegna eigi að lesa, hvenær á að byrja á því, hvað lestur gerir fyrir barnið og þann sem les sem og ýmsar aðferðir um hvernig gott sé að standa að lestrinum.⁹⁵

Segja má að það er nánast skylda fullorðna fólksins að laða börn að bókum því lestri fylgja svo mikil lífsgæði. Hægt er að efla áhuga barnanna á bókum með því að byrja að lesa fyrir barnið strax við fæðingu, leyfa barninu sjálfu að hafa bækur, að biðja um bækur í jóla- og

⁸⁹ Sjá Ragnheiður Briem 1996: 8

⁹⁰ Ragnheiður Briem 1996: 8-9

⁹¹ Ragnheiður Briem 1996: 8

⁹² Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 31

⁹³ Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2006: 19

⁹⁴ Erna Árnadóttir 1995: 48

⁹⁵ Íslenska lestrarfélagið

afmælisgjafir fyrir barnið sem og að nota bókasafnskort. Að lokum þarf fullorðna fólkið að vera góð fyrirmynd og lesa bækur þar sem barnið sér,⁹⁶ því ekki getur það virkað sannfærandi fyrir barnið að bækur séu lærdómsríkar, fræðandi og skemmtilegar ef það sér fullorðna fólkið aldrei handleika þær.⁹⁷ Markmið foreldra og uppalenda ætti að vera að gera börnin sín að lestrarhestum þannig að þau hafi áhuga á lestri og námi.⁹⁸

Foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um hvaða áhrif lestur hefur á börn svo þeir geti styrkt málþroska þeirra og aukið orðaforðann því þannig geta þeir kennt börnunum betra mál.⁹⁹ Taka má undir með Lailu Pétursdóttur sem segir: „Hugsum um framtíð barna okkar. Það þarf ekki að kosta neitt nema tíma. Njótum samverustundanna með börnunum okkar og lesum.“¹⁰⁰

4.2. Hvernig lesum við fyrir börnin okkar?

Aldrei er of snemmt að byrja að lesa fyrir börn og getur verið góð regla að byrja á því um leið og farið er að tala við þau. Í byrjun hefur barnið engan skilning á því sem er að gerast en það venst röddinni sem les og svo mun líklega bæði barnið og foreldrið eiga þægilega stund saman sem getur orðið að góðum vana.¹⁰¹ Það er mjög róandi fyrir börn að vera í fanginu á foreldrum sínum og hlusta á hjartsláttinn og hljómfallið við lesturinn og því er mjög gott að lesa fyrir þau ljóð áður en þau hafa náð þroska til að hlusta á sögur.¹⁰²

Þegar börn fara fyrst að skoða bækur byrja þau á að lesa í myndir og þar sem fæst börn sem eru innan við eins árs hafa mikla þolinmæði eru harðspjaldabækur sniðugar fyrir þau enda hafa þau mikla flettíþörf. Best er að velja margbreytilegt efni fyrir börnin á meðan þau hafa ekki þroska til að gera það sjálf og er þá best að reyna að velja efni sem bæði börnum og foreldrum finnst skemmtilegt.¹⁰³

Fjölskyldur gefast stundum upp á að deila bókum með litla barninu sínu því það situr hvorki kyrrt né hlustar hljóðlega frá byrjun til enda þegar verið er að lesa. Það er ekki það að barnið vilji ekki gera það, heldur getur það ekki fyrr en það er orðið eldra. Til að gera sögustund ánægjulegri er hægt að biðja bókasafnsfræðing að stinga upp á einhverjum bókum sem henta

⁹⁶ Guðlaug Richter 2002: 33

⁹⁷ Íslenska lestrarfélagið

⁹⁸ Bjartey Sigurðardóttir 2001: 18

⁹⁹ Laila Pétursdóttir 2006: 22

¹⁰⁰ Laila Pétursdóttir 2006: 22

¹⁰¹ Guðlaug Richter 2002: 33

¹⁰² Laila Pétursdóttir 2006: 20-21

¹⁰³ Laila Pétursdóttir 2006: 21

Þessum aldurshópi. Foreldrar þurfa að átta sig á að smábarna „lestur“ gæti verið að benda á myndirnar á blaðsíðunni og tjá sig með einu orði frekar en að lesa allan textann. Einnig að spyrja barnið spurninga á borð við hver, hvað og hvar um myndirnar sem og tengja efni bókarinnar við reynsluheim barnsins svo að lesturinn verði að spjalli. „Sjáðu hann er að leika með bolta, átt þú bolta?“ „o, ó, hún datt niður, hvað gerist ef þú dettur niður?“¹⁰⁴

Gott er að breyta til og lesa ekki alltaf uppáhalds bækur barnsins heldur finna einnig aðrar sögur með öðrum orðum sem það þekkir jafnvel ekki. Hægt er að bæta við orðaforða barnsins með því að lesa fyrir það texta sem inniheldur allt að 3-5% ný orð. Ef það er gert fer það að spyrja hvað orðin þýða og þegar foreldrarnir fara að útskýra hvað orðin merkja og umorða þau lærir það einnig málnotkun.¹⁰⁵

Foreldrar virðast yfirleitt geta fundið tíma til að lesa fyrir börnin sín eftir að þeir koma heim á daginn. Hvort það er vegna þess að þeim finnst lestur vera mikilvægur og eitthvað sem börnin mega ekki missa af, er ekki vitað. Þegar foreldrarnir lesa fyrir börnin gera þeir það kannski því æskuminningin um hlýju, öryggi og nálægð eða bara sögurnar sem voru lesnar fyrir þá minnr þá á góðar stundir. Því er svo mikilvægt að sannfæra unga foreldra um mikilvægi þess að lesa fyrir börnin.¹⁰⁶

Gott er að hafa sérstakan tíma fyrir sögur, bækur, og samræður, eins og á baðtíma eða bara fyrir svefninn til að reyna að uppgötva hvernig barnið skynjar veröldina. Það er erfiðara fyrir börn að hlusta þegar þau eru þreytt, svöng eða æst.¹⁰⁷ Því er sniðugt að taka frá tíma á hverjum degi til að líta á og fjalla um litríkar og freistandi bækur.¹⁰⁸ Einnig er nauðsynlegt að draga úr bakgrunnshávaða og slökkva á sjónvarpi og útvarpi áður en byrjað er að lesa. Þar að auki þarf að velja tíma og stað þar sem mest næði er, tryggja barninu athygli með því að segja nafnið þess, fá það til að líta í áttina til lesarans og færa það nær.¹⁰⁹ Áður en byrjað er að lesa er betra að vera búinn að kynna sér efni bókarinnar því þannig verður auðveldara að svara spurningum barnsins.¹¹⁰ Einnig að benda á mikilvæga hluti áður en lesturinn hefst, svo barnið geti hlustað á aðalefnið, bæði meðan hlustað er á textann og spjallað um söguna.¹¹¹

¹⁰⁴ Jalongo, Mary Renck 2008: 97

¹⁰⁵ Laila Pétursdóttir 2006: 22

¹⁰⁶ Erna Árnadóttir 1995: 49

¹⁰⁷ Jalongo, Mary Renck 2008: 97

¹⁰⁸ Jalongo, Mary Renck 2008: 96

¹⁰⁹ Jalongo, Mary Renck 2008: 97

¹¹⁰ Íslenska lestrarfélagið

¹¹¹ Jalongo, Mary Renck 2008: 97

Best er að lesa hægt og skýrt og gæta þess að barnið sjái vel á bókina.¹¹² Nota eðlilega, rólega rödd til að hjálpa barninu að finna fyrir rólegheitum og öryggi svo það geti hlustað án hræðslu. Hafa þarf hvert þrep stutt, skýrt, og einfalt til að virkja hlustunina. Láta barnið endurtaka eða útskýra það sem sagt var, til að vera viss um að barnið hafi skilið það sem var verið að lesa. Barnið getur misskilið okkur jafnvel þegar við teljum okkur vera fullkomlega skýr. Hvetja þarf barnið til að biðja um útskýringar og hrósa því þegar það gerir það.¹¹³

Þegar foreldrar eru að lesa þarf lesturinn ekki að vera fullkominn hjá þeim, því barnið vill frekar heyra rödd foreldra sinna en annarra. Þessi stund þarf ekki að vera löng, það er nóg að hún sé 10-15 mínútur. Foreldrum verður að finnast lesturinn skemmtilegur því börnin eru fljót að taka eftir því hvort þeir lesa af skyldurækni eða áhuga á lestrinum. Einnig skiptir máli að sá sem les geri það fyrir sjálfan sig því þá verður lesturinn betri. En þó svo að foreldrinu leiðist sagan á ekki að sleppa því að lesa. Þess vegna skiptir miklu máli að lesandinn velji bækur í byrjun sem hann hefur gaman af enda er ekki skemmtilegt að hlusta á þann sem leiðist.¹¹⁴

Í lestrarstundum gefum við eitthvað af okkur, sýnum okkar dýpstu tilfinningar sem og deilum reynslu okkar og þekkingu. Erfitt getur verið að lesa upphátt þegar okkur líður ekki vel, höfum áhyggjur eða erum óróleg því þá eigum við ekkert til að gefa. Þegar okkur líður þannig er best að biðja einhvern annan að lesa í staðinn, það gæti kannski verið hitt foreldrið, systkini, afar og ömmur.¹¹⁵

Ef enginn er til að lesa er hægt að leyfa barninu að hlusta á sögu af geisladiski. Þó að geisladiskurinn komi aldrei í staðinn fyrir foreldrana er hann betri en ekki neitt. Foreldrar geta líka lesið eitthvað af uppáhaldssögum barnsins inn á geisladisk og leyft því að hlusta á hann þegar þeir geta ekki lesið fyrir það. Einnig er sniðugt að lesa vísur eða kvæði sem barnið kannast við og hefur gaman af. Með þessu heyrir barnið rödd foreldra sinna og getur hlustað á þá lesa. Vissulega er líka unnt að nota þetta þegar barnið er veikt eða þegar foreldrarnir eru ekki heima.¹¹⁶ Það er ekki alslæmt að hlusta á hljóðbækur og ævintýri annað slagið því börn kynnast hljómfalli orðanna og nýjum orðum og ef til vill heyra þau nýjan frásagnarstíl.¹¹⁷

¹¹² Bjartey Sigurðardóttir 2001: 19

¹¹³ Jalongo, Mary Renck 2008: 97

¹¹⁴ Erna Árnadóttir 1995: 50

¹¹⁵ Erna Árnadóttir 1995: 49

¹¹⁶ Erna Árnadóttir 1995: 49-50

¹¹⁷ Laila Pétursdóttir 2006: 22

Í kafla 3.3. er hægt að sjá hugmyndir um hvernig hægt er að gera lestur skemmtilegan. Margt sem þar kemur fram gildir einnig um heimalestur þótt börnin séu líklega færri þar heldur en í leikskólum.


5. Könnun á lestri foreldra fyrir börn

Gerð var könnun meðal foreldra fimm ára barna í tveimur leikskólum. Ákveðið var að hafa einn leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og einn í minna sveitarfélagi og urðu leikskólarnir Laugaborg í Reykjavík og Álheimar á Selfossi fyrir valinu enda var fjöldi fimm ára barna í skólunum svipaður. Markmið könnunarinnar var að skoða hvort foreldrar gefi sér tíma til að lesa fyrir börnin sín heima og hvenær þeir hafi byrjað á því.

Könnunin innihélt 12 krossaspurningar og í lokin gátu foreldrar skrifað athugasemdir um það sem þeir vildu að kæmi fram (sjá fylgiskjal 2). Með spurningalistanum fylgdi kynningarbréf til foreldra þar sem höfundur kynnir sig og segir frá ástæðu könnunarinnar (sjá fylgiskjal 1). Eftir að búið var að fá leyfi hjá leikskólastjórum beggja leikskólanna var farið með spurningalistana í leikskólana og viðkomandi deildir komu þeim til skila til foreldranna en þeir skiluðu svörum til baka í kassa inn á deild leikskólans. Búið var að útbúa kassann þannig að ekki væri hægt að taka spurningalistana upp úr aftur. Var þetta gert til að fullvissa foreldrana um að ekki væri hægt að rekja svörin til þeirra.


Sendir voru spurningalistar til 55 foreldra og af þeim svöruðu 30 eða 54,5%. Unnið var úr svörum í forritinu exel og þau sett í súlurit.

5.1. Niðurstöður könnunarinnar




Mynd 1.

Athyglisvert er að sjá að konur eru í miklum meirihluta svarenda könnunarinnar því eins og hægt er að sjá á mynd eitt svöruðu einungis sex karlar á móti 24 konum.




Mynd 2.

Eins og sjá má á mynd tvö um aldur svarendanna eru einungis fjórir þeirra undir þrítugu en flestir eru á aldrinum 31-40 ára eða 19 svarendur.




Mynd 3.

Eins og sést á mynd þrjú svara foreldrar 19 stráka og 11 stelpna sem þýðir að í könnuninni eru 63,3% strákar og 36,7% stelpur.



Mynd 4.

Af þeim sem svöruðu búa 19 foreldrar á höfuðborgarsvæðinu og 11 í Árborg.




Mynd 5.

Eins og sést á mynd fimm virðast allir foreldrar sem svöruðu lesa fyrir börnin sín og í flestum tilfellum er það gert daglega eða þrisvar til fimm sinnum í viku. Einungis þrír sögðust lesa tvisvar til þrisvar í mánuði og enginn svaraði því til að aldrei væri lesið heima fyrir barnið.


Þegar skoðað er hvort lesið sé hlutfallslega jafn mikið fyrir stelpur og stráka kemur í ljós að lesið er daglega fyrir 58% strákanna en 55% stelpnanna. Um tíu prósentustiga munur er á kynjunum því fyrir 37% strákanna er lesið 3-5 sinnum í viku en 27% stelpnanna, þegar skoðaður

er hópurinn sem fær lestur 2-3 í mánuði samanstendur hann af einum strák og tveimur stelpum. 95% strákanna fá upplestur heima daglega eða nokkrum sinnum í viku en 82% stelpnanna.




Mynd 6.

Á mynd sex má sjá að flestir svarendanna byrjuðu að lesa fyrir barnið sitt þegar það var á fyrsta ári en í einu tilfalli var ekki byrjað á því fyrr en við 4-5 ára aldurinn.




Mynd 7.

Á mynd sjö kemur fram að móðirin les í flestum tilfellum fyrir börnin og svo kemur faðirinn þar á eftir en ekki virðast eldri systkini lesa oft fyrir þau yngri. Einnig lesa ömmur, afar, ömmusystir og móðursystir fyrir þau.




Mynd 8.

Á mynd átta er hægt að sjá að oftast er lesið fyrir börnin á kvöldin og einnig í fríum og um helgar en ekki virðist vera lesið oft eftir leikskóla eða á morgnana. Einnig kom fram að lesið væri í bílnum, á biðstofum, í ferðalögum og víðar.




Mynd 9.

Á mynd níu má sjá að ekki virðist vera erfitt að finna tíma fyrir lestur því tólf sögðust aldrei eiga í erfiðleikum með það, en þrettán sögðu sjaldan. Aðeins fjórir sögðust oft eiga erfitt með að finna tíma til þess.




Mynd 10.

Eins og hægt er að sjá á mynd tíu virðist vinsælasta lestrarefnið fyrir börnin vera barnabækur (þ.e. textabækur), myndabækur og ævintýri. En sjaldan virðast vera lesnar þjóðsögur, fræðibækur, þulur og kvæði.



Mynd 11.


Eins og sjá má á mynd 11 virðist vera mest lesnar myndabækur, barnabækur (textabækur) og ævintýri fyrir stelpur. Mun minna virðist vera lesið af þjóðsögum fræðibókum, þulum og kvæðum. Í einu tilfelli kom fram að oft eru lesnar framhaldssögur á borð við *Jón Odd og Jón Bjarna* sem þó flokkast sem barnabækur (textabækur). Sjá má á myndum 11 og 12 að myndabækur virðast vera oftast lesnar fyrir stelpur eða í tæp 91% tilfella en í tæp 74% fyrir stráka. Einnig virðast þjóðsögur vera lesnar oft fyrir 27% stelpnanna en engir foreldranna lesa oft þjóðsögur fyrir stráka. 63% stráka og 27% stelpna heyra hins vega sjaldan þjóðsögur lesnar og eru aldrei lesnar fyrir 36% stelpnanna og 21% strákanna.



Mynd 12.


Fyrir strákana virðist einnig verið lesið mest af barnabókum, ævintýrum og myndabókum. Fleiri nefna hins vegar fræðibækur sem lesefni fyrir stráka en stelpur. Tæpur þriðjungur svarenda (32%) segjast oft lesa fræðibækur fyrir strákana sína en innan við fimmtungur foreldranna (18%) lesa oft fræðibækur fyrir stelpur. Þegar spurt er hvort aðrar bækur eru lesnar fyrir stráka er *Andrés Önd* nefndur í tveimur tilfellum.

Eins og sjá má eru barnabækur (textabækur), ævintýri, þulur og kvæði lesin nokkuð jafnt fyrir stráka og stelpur. Barnabækur (textabækur) eru lesnar fyrir rúmlega 84% strákanna en tæp 82% stelpnanna. Ævintýri eru lesin fyrir 79% tilfella stráka en 73% fyrir stelpna og þulur eða kvæði eru lesin fyrir 32% fyrir stráka en 27% stelpna.



Mynd 13.

Á mynd 13 er greinilega hægt að sjá að mikið er talað um innihald bókarinnar við börnin því 24 svarendur af 30 segjast gera það oft en einungis sex af þeim sjaldan.



Mynd 14.

Málþroski barnanna virðist vera nokkuð góður að mati foreldranna eins og sjá má á mynd tólf en 28 af 30 töldu hann ágætan eða góðan. Einungis tveir foreldrar sögðu börn sín hafa málþroska í meðallagi miðað við aldur þeirra.

Hér fyrir neðan er hægt að sjá athugasemdir sem foreldrar gerðu:

„Hann hlustar á hverju kvöldi á upplestur á sögum á hljóðsnældum eða mynddiski. Við förum mikið á bókasafn og þá fær barnið og bróðir hans að velja sér bækur og sögur á hljóðsnældum. Þess vegna hefur upplestur á spólu kannski komið of mikið í stað þess að foreldrar hans lesi fyrir hann.“

„Lesið fyrir barnið og bróður þess á sama tíma. Bróðirinn er þremur árum eldri. Lesturinn er oft miðaður við þarfir bróðurins.“

„Það sem mér finnst svo gaman þegar maður les fyrir barnið er að hún er meðvituð um gamalt málfar og ræðir mikið um söguna, en misjafnlega eftir því hve áhuginn er mikill fyrir sögunni og sögupersónunum.“

„Barnið er greint með einhverfu og þar af leiðir er málþroskinn slakari (í meðallagi). Erfitt reyndist í upphafi að lesa fyrir það og því var það ekki gert markvisst fyrr en við 2-3 ára aldur (nær 3 ára).“

„Framúrskarandi málþroski. Horfir mikið á efni talsett á íslensku, málfarsvillur leiðréttar jafn óðum hjá barninu og forðast að tala við það „barnamál“. Málin rædd og útskýrð dags daglega fyrir barninu. Takmörkuð tækifæri til lesturs.“

„Börnin mín tala bókmál og hafa ríkan orðaforða, dóttir mín setur saman orð og smíðar þannig ný ef henni finnst hún þurfa að útskýra eitthvað. Allt bóklestri að þakka.“

5.2. Umræða um könnunina

Eins og hefur komið fram voru markmið könnunarinnar að skoða hvort foreldrar lesa fyrir börnin sín og hvenær þeir byrjuðu á því. Höfundur telur að þeir lesi aðeins meira heldur en hann hélt áður en könnunin var gerð. Einnig kemur á óvart hversu meðvitaðir foreldrar eru að byrja að lesa snemma fyrir börnin sín.

Í kafla 2.2. er sagt að stelpur lesi meira en strákar og í því samhengi er rætt hvort minna sé gefið út fyrir stráka en stelpur eða hvort ekki sé eins mikið um að bókum sé haldið að strákum og fjörmiklum börnum. Ekki er hægt að sjá að annað en að lesið sé fyrir strákana í þessari könnun því 95% þeirra fá upplestur heima daglega eða nokkrum sinnum í viku en 82% stelpnanna. Eins og hægt er að sjá við myndir ellefu og tólf er ekki mikill munur á því hversu oft barnabækur, ævintýri, þulur og kvæði eru lesin fyrir stráka og stelpur.

Hins vegar eru myndabækur og þjóðsögur oftast lesnar fyrir stelpur en fræðibækur fyrir stráka. Áhugavert er að sjá að enginn af þeim sem svöruðu merktu við möguleikann „aldrei“ við barnabækur, ævintýri eða myndabækur og virðist það gefa til kynna að það séu vinsælustu bókaflokkarnir. En þar sem þessi könnun nær eingöngu til foreldra 30 barna væri spennandi að skoða þessa þætti betur í stærri rannsókn.

Í könnuninni hér að framan sést að mikið er lesið fyrir börnin sem og virðist málþroski þeirra vera góður að mati foreldranna. Þessi könnun gefur því vísbendingar um að lestur fyrir börn hafi áhrif á málþroska eins og margar rannsóknir hafa gefið til kynna. Einnig er hægt að sjá í könnuninni að foreldrar virðast tala um innihald bókarinnar við barnið og eins kemur fram í fyrnefndum rannsóknum um lestrarvenjur foreldra sem Ágústa Pálsdóttir¹¹⁸ bendir á að sá þáttur skipti miklu máli. Sjá má að flestir þeirra sem tóku þátt í könnuninni byrja að lesa snemma fyrir börnin sín eins og til dæmis rannsókn Purcell-Gates¹¹⁹ gefur til kynna að sé nauðsynlegt. Af þessu má sjá að foreldrarnir virðast því vera nokkuð meðvitaðir um mikilvægi lesturs.

Í einni athugasemd frá foreldrum kom fram að barnið hlustar kannski of mikið á geisladisk í staðin fyrir að foreldrar þess lesi fyrir það. Miðað við svörunina lítur út fyrir að foreldrið hafi jafnvel rekið sig á að það þurfi að lesa meira fyrir barnið. Það er ekki slæmt að hlusta á sögur af geisladiski en betra er að gera ekki of mikið af því enda koma þeir aldrei í staðin fyrir foreldrana eins og hægt er að sjá í kafla 4.3. Einnig kemur þar fram að þegar horft er til málþroska og málnotkunar barna er það ekki einungis lestur úr bók sem hefur áhrif, heldur einnig að hlusta á hljóðbækur og ævintýri því þannig kynnast börnin hljómfalli orðanna, nýjum orðum og heyra jafnvel nýjan frásagnarstíl. En þegar verið er að lesa fyrir þau læra þau að tala rétt mál og að hlusta. Í annarri athugasemd er sagt að barnið eigi bróður sem er þremur árum eldri og að lesturinn sé oft miðaður við þarfir bróðursins. Í enda þessar athugasemdar var gerður fylukarl og sýnir það að foreldrið er meðvitað um að það þurfi að lesa einfaldari bækur fyrir yngra barnið. Í athugasemd sem foreldri kom með kemur fram að barnið talar mikið um söguna en misjafnlega mikið, eftir því hversu mikill áhugi fyrir henni er. Hér er hægt að sjá dæmi um það hversu mikilvægt það er að velja bækur sem bæði lesandinn og barnið hafa gaman af. Ef til vill hefur lesandinn ekki gaman af sögunni og því finnur barnið það og sýnir henni ekki áhuga heldur, en það skiptir miklu máli eins og hægt er að sjá í kafla 4.3

¹¹⁸ Ágústa Pálsdóttir 1998: 8

¹¹⁹ Sjá Ragnheiður Briem 1996: 8

Þegar horft er til hvort hlutfallslega jafn mikið sé lesið fyrir stelpur og stráka kemur í ljós að nokkuð jafnt er lesið fyrir þau daglega en þó aðeins meira fyrir stráka. Algengara virðist að lesið sé fyrir strákana þrisvar til fimm sinnum í viku en fyrir stelpurnar tvisvar til þrisvar í mánuði. Þetta kemur á óvart því sagt er að stelpur hafi meiri áhuga á bókum en strákar. Það kom höfundu skemmtilega á óvart hversu oft feður lesa fyrir börnin sín því oft hefur það verið talið frekar á höndum móðurinnar, en ef til vill er það að breytast. Að vísu les móðirin í flestum tilfellum eða í 90% á móti 70% feðra og er greinilegt að í nokkrum tilfellum lesa báðir foreldrarnir. Gaman væri að vita hvort þeir skipta dögnum á milli sín eða lesa báðir sama kvöldið.

Fátt annað en hér hefur verið talið kom sérstaklega á óvart, en vissulega væri forvitnilegt að gera sambærilega rannsókn með fjölmennara úrtaki. Þá mætti líka skoða landsbyggðina betur, athuga hvort aldur foreldra skiptir máli og jafnvel menntunarstig þeirra. En það bíður betri tíma.

6. Lokaorð

Nauðsynlegt er að byrja að lesa fyrir börn á unga aldri, helst áður en þau byrja að tala. Þótt skilningurinn sé ekki góður venjast þau við að hlusta en það gegnir mikilvægu hlutverki fyrir máltöku barnsins. Þegar börn fara að sofa er nauðsynlegt að eiga ánægjulega lestrarstund með þeim því sú samvera lifir lengi enda veitir hún öryggi, nálægð og hlýju. Með því að lesa sögur og ljóð fyrir börn styrkist hlustun þeirra og einbeiting. Tilfinninga- og vitsmuna þroski þeirra eflist og því er óhætt að segja að sá tími sem fer í lestur fer ekki forgörðum. Þegar verið er að lesa á að velja aðeins þyngra efni en börnin ráða við og lesa sögu sem börnin og sá sem les hafa áhuga á því ef lesandinn hefur ekki gaman af sögunni finna börnin það og þar af leiðandi verður lesstundin ekki eins ánægjuleg. Spjall er börnum mikilvægt því þau læra mest með því að hafa fullorðna hjá sér til að útskýra, túlka og spyrja um það sem þau sjá eða lesa. Einnig er hægt að kíkja í alfræðiritin þegar börnin eru að spyrja um eitthvað til að þau viti að vitneskjan býr í bókunum. Þær umræður sem skapast þegar verið er að lesa fyrir börnin hafa mikil áhrif á þau því við það eflist málþroski þeirra sem og áhugi á bókum. Einnig örva slíkar sögur ímyndunarafli barnanna, skilningur þeirra á fjölbreytileika lífsins eykst og það auðveldar þeim nám sem og eykur forvitni þeirra og þekkingu.

Rannsóknir hafa sýnt að börn lesa minna í dag en þau gerðu áður fyrr. Því er nauðsynlegt að byrja snemma að lesa fyrir börn sem og að gera lesturinn skemmtilegan svo þau sýni honum áhuga. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi með því að lesa fyrir börnin. Einnig skiptir máli að þeir séu fyrirmynd barnanna og láta þau sjá sig með bók í hönd. Þegar verið er að lesa þarf ekki eingöngu að lesa úr bók því einnig er gaman að segja sögu sem maður kann utan að eða segja ljóð því börn hafa gaman af tilbreytingu. Að mínu mati er þessi lestartími sérstaklega mikilvægur fyrir þau börn sem sjá foreldra sína ekki mikið yfir daginn því eins og hefur komið hefur fram er þetta sú stund sem gefur barninu meðal annars öryggi, ástúð og hlýju. Í rannsóknum hefur komið fram að foreldrar barna með mikla menntun sýna lestri barna sinni meiri áhuga en foreldrar barna með minni menntun. En þetta eitt skiptir ekki öllu máli heldur eru það lestrarvenjur foreldranna, hvort þeir lesi fyrir börnin sín og hvort þeir tali um söguna við þau. Einnig hvernig aðgangur að bókum er á heimilinu og að bókasöfnum.

Í könnuninni hér að framan sést að þeir foreldrar sem svöruðu lesa fyrir börnin sín, en misjafnlega mikið þó. Flestir þeirra byrjuðu að lesa meðan þau voru innan við eins árs og virðast þeir því vera nokkuð meðvitaðir um mikilvægi þess að byrja að lesa snemma fyrir börnin eins og

vitað er að skiptir máli. Sjá má í könnuninni að algengasti lestrartíminn sé á kvöldin en sjaldnast lesið á morgnana. Fyrir í ritgerðinni sést að foreldrar sem hafa áhuga á lestri reyna að lesa fyrir börnin á öllum tímum, ekki bara á kvöldin heldur líka á daginn eða á morgnana og einnig ef þau finna sér ekkert að gera eða eru leið. Foreldrarnir í könnuninni virðast ekki eiga erfitt með að finna tíma til lesturs enda á að vera nóg að lesa í tíu til fimmtán mínútur á dag og ætti ekki að vera erfitt að finna þann tíma með börnunum. Málþroski barnanna virðist vera nokkuð góður að mati foreldranna og gæti það passað ef lesið er eins mikið og kemur fram í könnuninni en eins og hefur komið fram skiptir lestur miklu máli fyrir málþroska barnsins.

Við að skrifa þessa ritgerð lærði ég mikið um hvernig gott er að huga að lestrarstundum með börnum, bæði heima fyrir og í leikskólanum og tel mig vera orðna öruggari í að lesa fyrir börn. Ég hafði ekki velt því fyrir mér hvað lestur gerir mikið fyrir þau og sérstaklega ekki spáð í að með því að lesa heima sé maður að veita þeim öryggi og hlýju, þó svo að ég hafi gert mikið af því að lesa fyrir börnin mín.

Lestrarstundir bæði heima og í skólum eiga fyrst og fremst að vera ánægjustundir. Þessar ánægjustundir innihalda um leið fræðslu, nálagð, þjálfun, örvun og hvatningu. Slíkar stundir eru öllum nauðsynlegar foreldrum, kennurum og börnum, ekki síst nú um stundir þegar óstöðuleiki hrjáir samfélagið okkar. Því hvet ég til lestrarstunda eins oft og hægt er. Það er gaman að lesa saman.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. 2008. *Fimm ára og fær í flestan sjó*. Þróunarverkefni leikskólans Iðavallar. Sótt á netið 21. febrúar 2009 á slóðina:

http://www.idavollur.akureyri.is/fimmaraogfaer/skyrslan.htm#_Toc202332330.

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir. 2006. Bók í hönd. Um barnabækur í leikskólastarfi. *Hrafnabing* 3: 19-32.

Ágústa Pálsdóttir. 1998. Uppeldi og lestur. *Uppeldi og menntun* 7:7-22.

Ásgeir S. Björnsson og Baldur Hafstað. 1988. *Eitt verð ég að segja þér. Listin að segja sögu*. Reykjavík, Iðunn.

Ásthildur Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. 2000. Mál – lestur. *Lestrarbókin okkar, greinasafn um lestur og læsi* (ritstj. Heimir Pálsson), bls. 39–49. Reykjavík, Íslenska lestrarfélagið.

Bjartey Sigurðardóttir. 2001. Hvernig lesum við fyrir börn? Hugleiðingar um mismunandi nálgunarleiðir þegar lesið er fyrir börn og áhrif þeirra á málþroska og ritmálsþekkingu barna. *Talfræðingurinn*. 15,1:18-21

Bókatíðindi. Sótt á netið 22. apríl 2009 á slóðina:

<http://www.bokatidindi.is/>.

Elísabet Brekkan. 1995. Lesa með leik. *Skíma* 18,1:52-53.

Erna Árnadóttir. 1995. Viltu lesa fyrir mig. *Skíma* 18,1:48-51.

Erna Árnadóttir. 2000. Skiptir það Máli? *Lestrarbókin okkar, greinasafn um lestur og læsi* (ritstj. Heimir Pálsson), bls. 57–66. Reykjavík, Íslenska lestrarfélagið.

Guðlaug Richter. 2002. Búum til bókaorma. *Börn og menning* 17,2:33.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1987. Vangaveltur um máltöku og lestrarnám. *Lestur – Mál. Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar*. (ritstj. Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson), bls. 13–26. Reykjavík, Iðunn.

Íslenska lestrarfélagið [án árs] *Viltu lesa fyrir mig* [Bæklingur].

Jalongo, Mary Renck. 2008. *Learning to listen, listening to learn. Bulding essential skills in young children*. Washington, National association for the education of young Children.

Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir. 2007. Yndislestur. *Skíma* 30,2:22-25.

Kolbrún Sigurðardóttir. 1987. Börn og bóklestur. *Lestur – Mál. Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar* (ritstj. Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson), bls. 155–173. Reykjavík, Iðunn.

Laila Pétursdóttir. 2006. Gildi þess að lesa fyrir börn. *Uppeldi* 19,2:20-22.

Margrét G. Schram. 2000. Barnið og bókin. *Athöfn* 32,1:76-79.

Pétur Gunnarsson. 2000. Hvernig öðlast menn máltilfinningu og hvaða máli skiptir hún? *Lestrarbókin okkar, greinasafn um lestur og læsi* (ritstj. Heimir Pálsson), bls. 147–150. Reykjavík, Íslenska lestrarfélagið.

Ragnheiður Briem. 1996. Fyrstu skref í móðurmálskenndu ungra barna. Erindi flutt á málþingi á vegum félagsvísindadeildar HÍ, Íslenska barnabókaráðsins og Íslandsdeildar IBBY í apríl 1996. *Skíma* 19,2:8-10.

Sigríður Þórisdóttir. 1996. Ótrúleg eru ævintýrin. Notkun sagna og vísna í málörvun barna. *Talfræðingurinn* 13,1:51-56.

Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir. 1993. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Þorbjörn Broddason. 2005. Börn og breyttir miðlar. *Ungir Íslendingar í ljós vísindanna.* Háskólaútgáfan, bls. 49-54. Reykjavík.

Fylgiskjal 1.

Kæru foreldrar,

Ég heiti Guðríður Anna Sveinsdóttir og er á lokaári leikskólabrautar í Háskólanum á Akureyri. Í lokaritgerð minni leitast ég við að svara því hvaða áhrif lestur hefur á börn og í því samhengi hef ég ákveðið að gera könnun meðal foreldra fimm ára barna í tveimur leikskólum. Leikskólarnir sem um er að ræða eru Laugaborg í Reykjavík og Álheimar á Selfossi. Það er von mín að þið sjáið ykkur fært að svara könnuninni sem fylgir með þessu bréfi.

Skila á könnuninni ómerktri í kassa inn á deild fyrir 12. desember næstkomandi. Þeir foreldrar sem taka þátt fá afrit af niðurstöðum könnunarinnar. Ekki er hægt að rekja svörin til einstaklinga.

Með von um að sem flestir taki þátt.

Kær kveðja,

Guðríður Anna Sveinsdóttir

Fylgiskjal 2.

Þessi spurningalisti inniheldur 12 krossaspurningar. Við hverja spurningu á einungis að krossa einu sinni

Spurningar

1. Kyn

Kona

Karl

2. Aldur

20-30 ára

31-40 ára

41-50 ára

3. Kyn barnsins

Stelpa

Strákur

4. Búseta

Höfuðborgarsvæðið

Árborg

Annars staðar (hvar) _____

5. Hversu oft er lesið fyrir barnið heima?

- Aldrei
 2-3 sinnum í mánuði
 3-5 sinnum í viku
 Daglega
 Annað _____

6. Á hvaða aldri var barnið þegar byrjað var að lesa fyrir það?

- 0-1 árs
 2-3 ára
 4-5 ára

7. Hversu oft lesa eftirtaldir aðilar fyrir barnið heima?

- Móðir oft Sjaldan aldrei
Faðir oft Sjaldan aldrei
Systkini oft Sjaldan aldrei
Annar (hver) _____ oft Sjaldan aldrei

8. Hvenær er lesið fyrir barnið heima?

- Á kvöldin oft sjaldan aldrei
- Eftir leikskóla oft sjaldan aldrei
- Á morgnanna oft sjaldan aldrei
- Um helgar oft sjaldan aldrei
- Í fríum oft sjaldan aldrei
- Annað (hvað) _____ oft sjaldan aldrei

9. Er erfitt að finna tíma fyrir lestur?

- oft
- Sjaldan
- aldrei

10. Hvernig bækur eru lesnar fyrir barnið?

- Barnabækur (textabækur) Oft sjaldan aldrei
- Þjóðsögur Oft sjaldan aldrei
- Ævintýri Oft sjaldan aldrei
- Myndabækur Oft sjaldan aldrei
- Fræðibækur Oft sjaldan aldrei
- Þulur og kvæði Oft sjaldan aldrei
- Annað (hvað) _____ Oft sjaldan aldrei

11. Er talað um innihald bókarinnar við barnið?

- oft
- Sjaldan
- aldrei

12. Hvernig er málþroski barnsins miðað við aldur þess?

- Ágætur
- Góður
- Í meðallagi
- Ekki góður

Annað sem þið viljið láta koma fram
